



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Ársskýrsla 2021



Brekkugötu 17, 600 Akureyri

herak@herak.is - www.herak.is

460-1290

Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og í 13. grein laganna eru helstu hlutverk og verkefni safnsins tilgreind. Héraðsskjalasöfn eru í senn stjórnvæðing-, þjónustu- og menningarstofnanir og er hlutverk þeirra mikilvægt þegar kemur að réttindum íbúa og/eða rekjanleika og gagnsæis þegar kemur að stjórnvaldsákvörðunum. Það er mikilvægt að sveitarfélögin, stofnanir þeirra sem og almenningur geti með auðveldum hætti nýtt sér þjónustu héraðsskjalasafna enda er rekstur þeirra mikilvægur hluti af þeirri þjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum í héraði.

Starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nær yfir fimm sveitarfélög við Eyjafjörð, frá Hörgársveit vestan fjarðar til og með Grýtubakkahreppi austan Eyjafjarðar. Sveitarfélögin eru Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Íbúar á svæðinu voru 22.233 þann 1. desember 2021.

Safnið er opið öllum sem á þjónustu eða upplýsingum þurfa að halda, hvort sem það er vegna vinnu, verkefna eða áhugamála. Safnið er opið mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá 10.00 til 16.00 en lokað er fyrir afgreiðslu á miðvikudögum.



Starfsfólk safnsins á góðum degi í maí, þegar grímuskylda var í fullu gildi.

Á árinu 2021 voru stöðugildin á safninu tvö líkt og undanfarin ár. Starfsmenn voru Lára Ágústa Ólafsdóttir héraðsskjalavörður og Katrín Björg Þórisdóttir skjalavörður. Sunnefa Lind Þórarinsdóttir vann að miðlunarverkefni á árinu og leysti Katrínu af þegar hún fór í fæðingarorlof. Auk þess naut safnið krafta þeirra Brynju Maríu Ragnarsdóttur og Söru Rutar Jóhannsdóttur en þær voru ráðnar til verkefna í tengslum við vinnumarkaðsráði í kjölfar Covid-19.

Starfsemi

Frá því að safnið var opnað fyrir rúmum 50 árum hefur starfsemi og hlutverk þess tekið umtalsverðum breytingum í takt við lög sem um starfsemina gilda og breytingar á samfélaginu. Í grófum dráttum má skipta starfinu í fimm þætti:

- Þjónusta og afgreiðsla við notendur safnsins
- Móttaka skjala frá skilaskyldum aðilum og einkaaðilum
- Skráning, frágangur og miðlun á skjalaskrárm á lestrarsal og á heimasíðu safnsins
- Ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu skilaskyldra aðila
- Miðlun safnkosts á heimasíðu safnsins


Þjónusta og afgreiðsla við notendur safnsins

Framan af árinu 2021 voru í gildi einhverjar Covid takmarkanir en með hléum og snertu starfsemi Héraðsskjalasafnsins ekki eins mikið og árið á undan. Ekki kom til neinna lokana af þeim ástæðum og ekki þurfti heldur að vísa fólki frá vegna takmarkana á gestafjölda. Gestir á árinu 2021 voru 500 talsins en 21% þeirra voru nemendur úr framhalds- og grunnskólum. Eins og áður voru konur um fjórðungur gestanna.

Á árunum fyrir Covid var árlegur gestafjöldi nokkuð breytilegur en þó yfirleitt á bilinu 650 – 700 svo nokkuð vantar enn á að fyrri tölum sé náð. Þar skiptir einnig máli að þjónustan er orðin meira rafræn, s.s. að erindi eru afgreidd í tölvupósti og skjöl eru skönnuð eftir óskum viðskiptavina og send rafrænt. Einnig er aðgengi að skjölum og heimildum á netinu orðið þannig að fólk getur skoðað hreppsækur, gjörðabækur byggingarnefndar, íbúaskrár og sitthvað fleira heima hjá sér.

Útlán og fyrirspurnir


Útlán á árinu 2021 voru samtals 7.108. Stærsti hluti þeirra var vegna sýninga sem haldnar voru eða 5.023. Útlán til gesta voru 1.390, vegna fyrirspurna 353 og millisafnalán voru 342.





Það eru aðeins útlánin vegna sýningarhalds sem starfsfólkið getur hefur áhrif á en að öðru leyti er það eftirspurnin sem ræður því hversu mörg útlánin eru. Áhugi gesta stjórnar því hvort og hvað þeir fá lánað úr geymslunum, úrlausnarefni fyrirspurnanna ráða því hvort svörin er að finna í einu skjali eða leita þarf víðar og fjöldi millisafnalána ræðst af áhuga fólks í öðrum héruðum.

Aðföng

Alls bárust 80 afhendingar árið 2021 og var umfang þeirra 51,8 hillumetrar. Það er í meðallagi miðað við hvað bæst hefur við safnkostinn síðustu ár.



Af 80 afhendingum sem bárust árið 2021 voru 22 frá skilaskyldum aðilum en hinar komu frá einkaaðilum þ.e. einstaklingum, félögum og einkareknum fyrirtækjum.



Eins og áður segir bættust 51,8 hillumetrar við safnið á árinu 2021. Skiptingin var þannig að 30,17 hillumetrar voru fullfrágengin skjöl, 0,84 hillumetrar voru hálfskráð skjöl og afgangurinn, eða 20,8 hillumetrar, voru óskráð skjöl.

Afhendingar geta verið allt frá einu blaði upp í einhverja tugi hillumetra og ástand skjalanna er einnig misjafnt. Það væri ákjósanlegast að geta sett afhendingarnar beint upp í hillu en oft er sá möguleiki ekki fyrir hendi og þá er það undir starfsfólkinu komið að ganga frá skjölunum með viðeigandi hætti. Með hálfskráðum skjölum er átt við að búið er að hreinsa skjölin og flokka og eitthvert yfirlit fylgir afhendingunni. Þegar skjölin koma óskráð og óflokkuð til safnsins eru þau grófflokkuð og grisjuð eftir því sem tilefni er til og þau sett í skjalaöskjur en nákvæmari skráning getur dregist eftir því hvernig stendur á öðrum verkefnum á safninu. Það er því nokkuð mismunandi hvað tekur við eftir að skjölin eru komin á safnið en lokaskrefið er að birta skjalaskrár á heimasíðu safnsins og hafa aðgengilegar á lestrarsalnum, í samræmi við lög.

Um afhendingarnar árið 2021 í heild sinni má segja að meirihluti þeirra eru einkaskjöl ef litið er til fjölda en mun fleiri hillumetrar koma frá skilaskyldum aðilum. Langstærsti hluti þess sem kemur frá skilaskyldum aðilum eru fullfrágengin skjöl og það sem kemur frá einkaaðilum er að mestu leyti óskráð.

Á árinu barst safninu fyrsta tilkynningin um samþykkt og skil á rafrænu gagnasafni og kom hún frá Akureyrarbæ vegna málasafns bæjarins. Í framhaldinu samþykkti Héraðsskjalasafnið tilkynninguna og mun vörsluútgáfa málasafnsins berast í ársbyrjun 2027, ef allt gengur eftir.

Ráðgjöf og eftirlit

Starfsfólk Héraðsskjalasafnsins heimsótti sveitarstjórnarskrifstofur Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakka-hrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps á árinu. Tilgangur þessara heimsókna var að efna til betri kynna okkar á milli og að líta til með skjalahaldi sveitarfélaganna. Vissulega voru þetta ekki fyrstu samskiptin en þetta voru fyrstu formlegu heimsóknirnar með ráðgjöf og eftirlit í huga.

Í október var send út spurningakönnun til afhendingarskyldra aðila á svæðinu. Í könnuninni var spurt um nokkra grunnþætti skjalavörslu og var þetta í annað skiptið sem slík könnun var gerð. Í apríl 2020 var fyrst gerð svona könnun en þá var svarhlutfallið mjög lágt og niðurstöðurnar þar af leiðandi ekki nógu marktækar og þess vegna var aftur farið af stað. Alls fengu 46 aðilar könnunina senda en nokkrar líkur eru á að einhverjir hafi gleymst því skjalamyndun stofnana í umdæmi safnsins hefur ekki verið kortlögð til hlítar. Það voru 38 sem svörðu, sem er 82,6% svarhlutfall og verður að teljast ásættanlegt. Könnunin leiddi m.a. í ljós að það eru alls ekki allir að skrá þau mál sem koma til úrlausnar hjá þeim; margar stofnanir hafa ekki samþykka málalýkla og/eða nota ekki málalýkla yfir höfuð og skjalavistunaráætlanir eru annað hvort ekki til eða ekki notaðar. Niðurstöðurnar komu svo sem ekkert á óvart enda vitað að flestar stofnanir sveitarfélaganna á svæðinu eru skammt á veg komnar í nútímalegri skjalavörslu. Niðurstöðurnar geta nýst til samanburðar í framtíðinni en kannanir eins og þessi geta ýtt við fólki til að gera betur og verður það vonandi reyndin hjá öllum.

Fundir og fræðsla

Þau námskeið og fundir sem starfsfólk sótti árið 2021 voru flest haldin á vegum Félags héraðsskjalavarða og flest voru þau rafræn. Í marsmánuði deildi Bára Stefánsdóttir héraðsskjalavörður á Egilsstöðum með okkur reynslu sinni af björgun skjala í kjölfar náttúruhamfaranna á Seyðisfirði í desember 2020. Á sama fundi flutti Björk Hólm Þorsteinsdóttir héraðsskjalavörður á Dalvík erindi sem hún nefndi: „Hvar á að byrja og að hverju þarf að huga? – Þegar nýr starfsmaður tekur við safni án fyrirbyggjandi viðbragðs- og öryggisáætlana.“

Á þeim fræðslufundum sem starfsfólkið sótti síðari hluta ársins var rafræn skjalavarsla í deiglu. Í nóvember var það ráðstefna Þjóðskjalasafns Íslands um stöðu og framtíð stafrænnar umbreytingar stjórnsýslunnar. Önnur rafræn erindi á haustmánuðum voru erindi Hjördísar Þráinsdóttur skjalastjóra Ísafjarðarbæjar sem hún nefndi: „Reynslusaga af tilraun til innleiðingar rafrænnar skjalavörslu hjá sveitarfélagi“; erindi Andra Arnar Víðissonar verkefnisstjóra í stafrænni umbreytingu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um sameiginleg stafræn verkefni sveitarfélaga á árinu 2022 og loks erindi Njarðar Sigurðssonar sviðsstjóra

skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns Íslands um stöðu og stefnu Þjóðskjalasafns Íslands í stafrænni umbreytingu í langtímavarðveislu gagna.



Þátttakendur á ráðstefnunni í Neskaupstað.


Ráðstefna og fræðslufundur Félags héraðsskjalavörðna var haldinn á Austurlandi um mánaðamótin september - október. Guðmundur Sveinsson héraðsskjalavörður í Neskaupstað og Stefán Bogi Sveinsson héraðsskjalavörður Austfirðinga buðu til ráðstefnunnar. Að þessu sinni var m.a. fjallað um mismunandi þarfir viðskiptavina skjalasafna, diplómanám í hagnýtri skjalfræði við Háskóla Íslands, móttöku myglaðra skjala, rafræna varðveislu og verkefni og áskoranir héraðsskjalasafna næstu misserin.

Sýningar og samfélagsmiðlar

Heldur hefur dofnað yfir Norræna skjaladeginum hin síðari ár en hann er sameiginlegur kynningardagur opinberra skjalasafna á Norðurlöndum og er haldinn annan laugardag í nóvember. Árið 2021 bar daginn upp á 13. nóvember og var yfirskriftin Sveitalíf. Sett var upp skjalasýning undir þessari yfirskrift í anddyri hússins og stóð hún allan nóvember.

Einnig voru að venju settar upp örsýningar í sýningarskápunum á stigaskörinni á 3ju hæðinni og að þessu sinni báru þær yfirskriftina: Á skíðum skemmti ég mér; Ekki bara skjöl; Bólusetningar og Nú er komið hrímkalt haust.

Áfram var haldið við að birta skilgreiningar á hugtökum í skjalavörslu og skjalastjórn með vikulegum innslögum á Facebook en eftir því sem á árið leið var meira stuðst við myndræna framsetningu efnisins. Eins og áður voru myndbirtingar og efni á Instagram í takt við geðslag starfsfólksins og tilefni á líðandi stundu.



Sýnishorn af Instagram stories frá 2021

Miðlunarverkefni

Á árinu 2021 fékk Héraðsskjalasafnið þrjá styrki frá Þjóðskjalasafni Íslands til þess að gera skjöl safnsins aðgengileg á heimasíðu sinni. Verkefnin voru að þessu sinni: Fundargerðabók og bréfabækur úr Svalbarðsstrandarhreppi og bréfabækur frá Akureyri; Fundargerðir sýslunefndar Eyjafjarðar-sýslu 1875-1941 og Fundargerðir og félagsblöð ungmenna- og bindindisfélaga á safnsvæðinu. Síðastnefnda verkefnið nær aðeins til hluta þeirra skjala sem eru frá ungmenna- og bindindisfélögum en markmiðið er að halda áfram með myndun þeirra í framtíðinni.



Hægt er að skoða skjölin sem búið er að mynda á slóðinni herak.is/is/skjalavefur

Afraksturinn var rúmlega 7600 myndir og bættust við þær myndir sem þegar voru aðgengilegar á heimasíðu safnsins. Í árslok var hægt að skoða 305 bækur safnsins að heiman og heildarfjöldi mynda var 58.658.

Rekstraryfirlit 2021

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er sjálfstæð skjalavörslustofnun sem Akureyrarbær rekur en Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur leggja til rekstrarfé í hlutfalli við íbúafjölda. Ríkissjóður styrkir safnið árlega og ákvarðast sú fjárhæð af fjárlögum hvers árs. Á árinu fékk safnið auk þess verkefnastyrki frá Þjóðskjalasafni til miðlunar safnefnis.

	Rekstrarkostnaður alls kr.	58.202.453
40	Tekjur - sala og þjónusta	316.234 cr
40	Tekjur - húsaleiga	204.000 cr
40	Tekjur - framlag ríkissjóðs	1.026.000 cr
40	Tekjur - verkefnastyrkur Þjóðskjalasafns Íslands	1.680.600 cr
40	Tekjur - framlag sveitarfélaga utan Akureyrar	5.504.817 cr
40	Tekjur - framlag Atvinnuleysistryggingarsjóðs	2.056.704 cr
51	Launakostnaður og annar starfsmannakostnaður	25.224.408
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	2.714.038
54	Húsaleiga og lausafjárleiga Fasteigna Akureyrarbæjar	26.576.721
54	Önnur þjónustukaup og ræsting	3.687.286
	Akureyrarkaupstaður kr.	47.414.098

Afhendingar 2021 – yfirlit

Aðf.nr.	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2021/1	Félag héraðsskólakennara	0.03	Kjartan Heiðberg
2021/2	Lestrarfélag Svalbarðsstrandar	0.05	Inga Margrét Árnadóttir Bókasafni Lestrarfélags Svalbarðsstrandar
2021/3	Erlingur Davíðsson Akureyri	0.03	Bergur Erlingsson
2021/4	Vigfús Sigurgeirsson Akureyri og Reykjavík	0.03	Hörður Geirsson Minjasafni
2021/5	Ragna Aðalsteinsdóttir Akureyri o.v.	0.26	Helgi Friðjónsson
2021/6	Parkinsonfélag Akureyrar og nágrennis	0.32	Sigríður Stefánsdóttir
2021/7	Fjórðungssamband Norðlendinga	0.03	Sigríður Stefánsdóttir fv. bæjarfulltrúi
2021/8	Skonnortan Jörundur frá Hrísey	0.03	Erla Dís Sigurjónsdóttir Héraðsskjalasafni Akraness
2021/9	Kerstin Hiltrud Roloff og Leifur Hreggviðsson Bakkakoti	0.01	Swanhild Ylfa Katarína Roloff Leifsdóttir
2021/10	Ingimar Eydal Jónatansson Akureyri	0.01	Ásta Sigurðardóttir
2021/11	Sigurlaug Guðrún Nielsína Halldórsdóttir Reykjavík	0.03	Ásta Sigurðardóttir

Aðf.nr.	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2021/12	Ingólfur Seyðfjörð og fjölskylda	0.34	Ásta Sigurðardóttir
2021/13	Sveinbjörn Þorsteinsson Stokkahlöðum o.v.	0.05	Sigríður Einarsdóttir
2021/14	Helgi Hallgrímsson Egilsstöðum o.v.	0.03	Helgi Hallgrímsson
2021/15	Elsa Þórdís Óskarsdóttir Akureyri	0.03	Dýrleif Skjöldal
2021/16	Iðnskólinn á Akureyri	0.13	Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari
2021/17	Gagnfræðaskóli Akureyrar	0.16	Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari
2021/18	Elín Sigurjónsdóttir Akureyri	0.03	Kári Gíslason
2021/19	Brekuskóli	2.56	Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri
2021/20	Sigurbjörg Pálsdóttir Akureyri	0.03	Sigurbjörg Pálsdóttir
2021/21	Páll V. Ólafsson og Hulda Snorradóttir Dagverðartungu	0.16	Snjólaug og Ragna Pálsdætur
2021/22	Guðlaug Snorradóttir Akureyri o.v.	0.03	Snjólaug og Ragna Pálsdætur
2021/23	Tryggvi Helgason Akureyri o.v.	0.03	Sigurlína H. Styrmissdóttir
2021/24	Hörgársveit	0.05	Anna G. Kristjánsdóttir skrifstofustjóri
2021/25	Byggingarnefnd Þelamerkurskóla	0.03	Anna G. Kristjánsdóttir skrifstofustjóri
2021/26	Húsnefnd félagsheimilanna Mela og Hlíðarbæjar	0.03	Anna G. Kristjánsdóttir skrifstofustjóri
2021/27	Þelamerkurskóli	0.26	Anna G. Kristjánsdóttir skrifstofustjóri
2021/28	Skólanefnd Þelamerkurskóla	0.13	Anna G. Kristjánsdóttir skrifstofustjóri
2021/29	Saurbæjarhreppur	0.05	Þuríður Sigurðardóttir
2021/30	Daníel Sigfús Sveinbjörnsson Saurbæ o.v.	0.05	Þuríður Sigurðardóttir
2021/31	Valdimar Antonsson Akureyri o.v.	0.03	Ragnheiður Valdimarsdóttir
2021/32	Jón Hjaltason Akureyri	0.08	Jón Hjaltason
2021/33	Þórhildur Steingrímsdóttir Akureyri	0.03	Sigurður Helgi Oddsson
2021/34	Ásgrímur Ágústsson Akureyri	0.03	Ásgrímur Ágústsson
2021/35	SUNN - Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi	0.13	Inga Katrín Magnúsdóttir
2021/36	Leikskólinn Tröllaborgir	3.26	Sesselja Sigurðardóttir leikskólaráðgjafi
2021/37	Arthur Gook Sjónarhæð	0.03	Þóra Guðrún Pálsdóttir / Anna Sæmundsdóttir
2021/38	Ragnhildur Einarsdóttir Selfossi	0.05	Ingibjörg Eva Arnardóttir
2021/39	Þorsteinn Benediktsson og F. Guðrún Jóhannsdóttir Akureyri	0.13	Hörður Geirsson Minjasafni
2021/40	Friðrik Júlíusson Akureyri o.v.	0.16	Einar Baldvin Sveinsson
2021/41	Íþróttafélagið Eik	0.05	Áslaug Kristjánsdóttir
2021/42	Tónlistarfélag Akureyrar	0.17	Ásdís Arnardóttir og Daniele Basini
2021/43	Kvenskátafélagið Valkyrjan	0.03	Hrefna Hjálmarisdóttir
2021/44	Þóra Björnsdóttir Akureyri	0.05	Hörður Geirsson Minjasafni
2021/45	Júðith Jónbjörnsdóttir Akureyri	0.05	Hörður Geirsson Minjasafni
2021/46	Inner Wheel klúbbur Akureyrar	0.05	Kristbjörg Góa Sigurðardóttir
2021/47	Rótarýklúbbur Akureyrar	0.11	Kristbjörg Góa Sigurðardóttir
2021/48	Sinawikkklúbburinn Perlan	0.05	Soffía Jónsdóttir
2021/49	Sigríður Steindórsdóttir Akureyri	0.03	Haraldur Þór Egilsson Minjasafni
2021/50	Páll Ólafsson Sörlastöðum o.v.	0.03	Haraldur Þór Egilsson Minjasafni
2021/51	Baldvin og Ágústa Ringsted Akureyri	0.03	Haraldur Þór Egilsson Minjasafni
2021/52	Kristín Bjarnadóttir Sauðárkróki o.v.	0.03	Haraldur Þór Egilsson Minjasafni
2021/53	Karl B. Jónsson Akureyri	0.05	Haraldur Þór Egilsson Minjasafni
2021/54	Ásgrímur Ágústsson Akureyri	0.03	Haraldur Þór Egilsson Minjasafni
2021/55	Júlíus Oddsson og Sigríður Jörundsd. Hrísey o.v.	0.03	Haraldur Þór Egilsson Minjasafni
2021/56	Þórdís Guðrún Arthúrsdóttir Reykjavík o.v.	0.08	Haraldur Þór Egilsson Minjasafni

Aðf.nr.	Skjalamyndari	Hillum.	Hver afhenti
2021/57	HL-stöðin, endurhæfingarstöð hjarta og lungnasjúklinga Akureyri	0.05	Hálfðan Örnólfsson formaður stjórnar
2021/58	Leikskólinn Pálmholt	5.05	Sesselja Sigurðardóttir leikskólafulltrúi
2021/59	Atvinnuþróunarfélag Eyfirðinga	1.68	Gerður Sigtryggisdóttir verkefnisstjóri
2021/60	Eyþing	3.06	Gerður Sigtryggisdóttir verkefnisstjóri
2021/61	Hólmsteinn Snædal Rósbergsson Akureyri	1.4	Ragnheiður Olga Loftsdóttir
2021/62	Jón Benediktsson Akureyri og fjölskylda	0.8	Auður Búadóttir
2021/63	Sóknarnefnd Möðruvallaklausturskirkju	0.08	Seselía María Gunnarsdóttir fulltrúi í sóknarnefnd
2021/64	Lífspækifélag Akureyrar	0.03	Eva Sólveig Úlfisdóttir
2021/65	Eiríkur Jónsson og Sigrún Jónsdóttir Akureyri	0.08	Gunnar Viðar Eiríksson
2021/66	Akureyrarbær - AK - Kosningar	0.09	Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri
2021/67	Rovers- og hjálparseit skáta Akureyri	0.03	Björn Sverrisson
2021/68	Sigurður G. Jóhannesson Akureyri o.v.	4.8	Hallur Þorgils Sigurðsson
2021/69	Félag dagmæðra á Akureyri	0.08	Valgerður Bragadóttir
2021/70	Minnie Eggertsdóttir Akureyri	0.08	Minnie Eggertsdóttir
2021/71	Amtsbókasafnið á Akureyri	1.13	Sigrún Ingimarsdóttir Amtsbókasafni
2021/72	Skipulags- og byggingafulltrúi Eyjafjarðar	3	Vigfús Björnsson forstöðumaður
2021/73	Menningarsjóður Barnaskólans á Grenivík	0.08	Björn Ingólfsson
2021/74	Sigurður Helgi Hlökkversson Akureyri	9.21	Rannveig Sigurðardóttir
2021/75	Kvenfélag Hríseyjar	0.25	Gunnhildur Sigurjónsdóttir
2021/76	Akureyrarbær - umhverfis og mannvirkjasvið	10	Hjálmar Árnason skjalavörður
2021/77	Kveldúlfur hf Hjalteyri	0.15	Gerður Sigtryggisdóttir verkefnisstjóri
2021/78	Héraðsnefnd Eyjafjarðar	0.14	Gerður Sigtryggisdóttir verkefnisstjóri
2021/79	Svalbarðsstrandarhreppur	0.03	Björg Erlingsdóttir sveitarstjóri
2021/80	Ræktunarfélag Norðurlands	0.7	Guðmundur Steindórsson

©Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2022

Texti: Lára Ágústa Ólafsdóttir

Á forsíðunni er mynd af hluta kaupsamnings þar sem Jón Chr. Stephánsson kaupir húsið í Aðalstræti 52 Akureyri af Sveini Skúlasyni

Prófarkalestur: Katrín Björg Þórisdóttir og Þorsteinn Gunnar Jónsson

Vefútgáfa: <http://www.herak.is/um-safnid/arsskyrslur>